

Sp. 819. Tillaga til þingsályktunar [474. mál]
um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að leggja áherslu á að umsvif erlendra sendiráða séu jafnan innan hæfilegra marka og felur ráðherra að fylgjast með því að svo sé og gera, ef þörf krefur, með samningum eða einhliða, ráðstafanir í þessu skyni á grundvelli laga nr. 16/1971, um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn málasamband, og laga nr. 30/1980, um breytingu á lögum nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, með sérstakri hliðsjón af íslenskum aðstæðum.

G r e i n a r g e r ð .

Utanríkismálanefnd hefur að undanfögnu rætt talsvert um umsvif erlendra sendiráða hér á landi, m. a. með hliðsjón af þáttill. Hjörleifs Guttormssonar á þskj. 3. Við meðferð málsins komu fram af hálfu utanríkisráðuneytisins margháttaðar upplýsingar um stöðu þessara mála í öðrum ríkjum.

Að vandlega athuguðu máli er nefndin sammála um að flytja tillögu þessa.